


- Tvísmella í línu viðkomandi nemanda í dálkinn undir hæð/þyngd í bekkjarskrá (**mynd 1**).
- Í vaxtarlínuritsglugganum er smellt á „Ný mæling“, (**mynd 2**).
- Slegin er inn hæð nemandans í cm. með einum aukastaf, þá fer bendillinn sjálfkrafa yfir á þyngdargluggann og þyngdin í kg. slegin inn í framhaldi. Sé þyngdin tveggja stafa tala er byrjað á að slá inn 0 til að komman komi á réttan stað.
- Þegar tölurnar hafa verið slegnar inn er smellt á „Skrá“ og færast þá mælingin inn á vaxtarlínuritið (**mynd 3**).
- Til að færast á milli línurita í hæð og þyngd verður að smella á flipana „HÆÐ“ og „ÞYNGD“ efst í línuritinu (**mynd 3**).
- Hægt er að hætta við skráningu með því að smella á „Hætta við skráningu“ hnappinn sem er efst í hægra horninu.
- Að lokum er smellt á „Loka glugga“ og birtist þá dagsetningin á mælingunni í bekkjarskránni ásamt líkamsþyngdarstuðli (LPS) (**mynd 4**).

Bekkjarskrá											
Umsjónarkennari		Nafn bekkjar		Fj.	Fræðsla Evðublóð Athugasemdir			Fjöldi samskipta; Ókláraðir samskiptaseðlar;			
9 - MG		9 - MG		6				3 0			
#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LPS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókl.
1	Arnjón Karlsson		1	0.0			0
2	Borgar Vagn Stígsson		0	0.0			0
3	Hansína Jósefína		0	..	22.09.2016	Fulln.		0
4	Jóngunnur Helgudóttir		0	10.03.2016	20.2			0
5	Marglitta Sæsdóttir		0	0.0			0
6	Raudhetta Reykjavík		2	0.0			0

Mynd 1: Til að skrá hæð og þyngd hjá Rauðhettu er tvísmellt í dálkinn undir Hæð/þyngd í línunni hennar bekkjarskrá.



Mynd 2: Smellt er á „Ný mæling“ og virkjust þá hæðar- og þyngdargluggarnir.



Mynd 3: Slegin er inn hæð með einum aukastaf, þá fer bendillinn sjálfkrafa yfir á þyngdargluggann. Ef þyngdin er tveggja stafa tala er slegið inn 0 til að komman komi á réttan stað. Síðan er smellt á „Skrá“ og mælingin færast inn.

Bekkjarskrá												
Umsjónarkennari		Nafn bekkjar		Fj.	Fræðsla	Evdúblöð	Athugasemdir	Fjöldi samskipta;		1		
9 - MG		9 - MG		6				Ókláraðir samskiptaseðlar;		0		
#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd	LÞS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókl.
1	Arnjón Karlsson		1	0.0				0
2	Borgar Vagn Stigsson		0	0.0				0
3	Hansína Jósefína		0	..	22.09.2016			Fulln.		0
4	Jóngunnur Helgudóttir		0	10.03.2016	20.2				0
5	Marglitta Sæsdóttir		0	0.0				0
6	Raudhetta Reykjavík		0	14.03.2017	22.1				0

Mynd 4: Dagsetningin í hæð/þyngd glugganum í línu Rauðhettu gefur til kynna að hún hafi verið mæld þennan dag. Ískrá reiknar líkamsþyngdarstuðulinn (LÞS) sem sést í reitnum fyrir aftan hæð/þyngd dálkinn.

Líkamsþyngdarstuðull (LÞS)

Í Ískrá eru notuð viðmið Coles's frá 2000 til að greina LÞS barns en þau taka tillit til kyns og aldurs barns.

Þegar hæðar- og þyngdarmæling hefur verið skráð á nemanda og glugganum lokað þá birtist LÞS nemandans í bekkjarskránni og ákveðinn litur (**Mynd 4**). Litirnir merkja eftirfarandi:

Grænn ⇒ nemandi í kjörþyngd

Gulur ⇒ nemandi í ofþyngd

Rauður ⇒ nemandi í offitu

Blár ⇒ vannærður nemandi